

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina „Hjarðhaga“.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps, kt. 500169-4009, Borðeyri, Hrútafirði, samþykkti á fundi sínum þann 4. október 2005 að afsala sér og leggja fram neðangreindar jarðir og jarðarhluta ásamt öllu því sem þeim fylgir og fylgja ber til stofnunar sjálfseignarstofnunar um eignirnar og nýtingu þeirra skv. skipulagsskrá þessari:

1. Miðhús
2. Heydalssel
3. Stóra Hvalsá II 11 hlutar af 12
4. Hrafnadalur
5. Gilhagi
6. Melaheiði.

1. gr.

Nafn og heimilsfang.

Stofnunin heitir Sjálfseignarstofnunin „Hjarðhagi“. Heimili hennar og varnarþing er á Borðeyri við Hrútafjörð.

2. gr.

Eignir.

Eignir stofnunarinnar við stofnun hennar eru eftirtaldar jarðir og jarðarhlutar í Bæjarhreppi, Strandasýslu: Miðhús, Heydalssel, Stóra Hvalsá II 11 hlutar af 12, Hrafnadalur, Gilhagi og Melaheiði.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fasteignir hennar nýtist með sama hætti og verið hefur íbúum og búfjáreigendum innan Bæjarhrepps eða á því landsvæði sem er innan staðarmarka þess sveitarfélags við staðfestingu skipulagsskrár þessarar, sameinist það öðru sveitarfélagi síðar.

Þá skal tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar vera að nýta lendum stofnunarinnar eftir því sem hentugast þykir á hverjum tíma

4. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar eru þær jarðir sem nefndar eru í 2. gr. og Bæjarhreppur afsalar til hennar með þeim kvöðum sem á þeim eru. Auk þess leggur Bæjarhreppur til kr. 1.000.000 í peningum í stofnframlag.

5. gr.

*Tekjur, nýting eigna stofnunarinnar,
ráðstöfun eigna og stofnframlags.*

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema kr. 1.000.000 miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og annarra aðila, vaxtatekjur, veiðitekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri eigna sjálfseignarstofnunarinnar.

Gjöld stofnunarinnar eru útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum skv. 3. gr. almennur rekstrarkostnaður stofnunarinnar, fasteignagjöld af eignum og önnur útgjöld, sem ekki greiðast úr sveitar- eða fjallskilasjóði. Þá skal stofnunin standa straum af kostnaði við að viðhalda eignum sínum s.s. með nauðsynlegum girðingum, o.þ.h.

Verði rekstrarafgangur af sjálfseignarstofnuninni eftir að útgjöld vegna hennar hafa verið greidd skal stjórn heimilt að veita styrki til íbúa þess landsvæðis sem nú tilheyrir Bæjarhreppi eða á því landsvæði sem er innan staðarmarka þess sveitarfélags við staðfestingu skipulagsskrár þessarar, sameinist það öðru sveitarfélagi síðar. Stofnunin skal setja sér reglur um styrkveitingar úr sjóðum hennar.

Jarðir sjálfseignarstofnunarinnar skulu nýttar til beitar fyrir þá sem landbúnað stunda innan þess landsvæðis sem nú tilheyrir Bæjarhreppi eða á því landsvæði sem er innan staðarmarka þess sveitarfélags við staðfestingu skipulagsskrár þessarar, sameinist það öðru sveitarfélagi síðar. Þá skulu tekjur vegna jarðanna ávaxtaðar og nýttar til uppgræðslu, uppsetningar og viðhalds girðinga í tengslum við jarðirnar o.þ.h. Öðrum en þeim sem að framan greinir er óheimilt að beita landið nema með sérstöku leyfi stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði um að ræða sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar tekur að öðru leyti en að framan greinir ákvarðanir um nýtingu eigna stofnunarinnar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar tilnefnir mann/menn til setu á fundum í veiðifélögum sem stofnunin á aðild að.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Búnaðarfélag Bæjarhrepps skal skipa tvo menn og tvo til vara en hreppsnefnd Bæjarhrepps einn mann og einn til vara. Ef Bæjarhreppur sameinast öðru/öðrum sveitarfélögum tilnefnir fjallskilanefnd sem stofna þarf um fjallskil á því landsvæði sem tilheyrir Bæjarhreppi við staðfestingu skipulagsskrár þessarar þá stjórnarmenn sem Bæjarhreppur tilnefndi áður. Stjórnin kys sér sjálf formann.

Skilyrði er að stjórnarmenn séu með fasta búsetu innan þess landsvæðis sem tilheyrir Bæjarhreppi við staðfestingu skipulagsskrár þessarar. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 3ja ára í senn.

Við fyrsta stjórnarkjör skal tilnefna fulltrúa Búnaðarfélags Bæjarhrepps til eins og þriggja ára en fulltrúa Bæjarhrepps til tveggja ára og þrjá varamenn eftir sömu reglu. Síðan skal kjósa stjórnarmann og varamann árlega í stað þess sem gengur úr stjórn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Stjórnarfundur skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda og skal halda gerðarbók fyrir stjórnina.

Óheimilt er að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánnum eða öðrum skuldbindingum nema með fullu samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988. Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem eru óviðkomandi tilgangi stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar – endurskoðun – ársskýrslur – rekstraráætlanir.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af endurskoðanda stofnunarinnar sem stjórnin ræður. Ársreikningar skulu áritaðir af endurskoðanda og stjórn. Ársreikningur skal sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar. Einnig skal ársreikningurinn sendur Bæjarhreppi og Búnaðarfélagi Bæjarhrepps. Rekstraráætlun fyrir næsta reikningsár skal stjórnin gera fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs.

8. gr.

Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna breytinga á notkun upprekstrarréttar á landi sjálfseignarstofnunarinnar eða tekjumöguleikum af eignum hennar, er heimilt að breyta samþykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna. Forsenda fyrir niðurlagningu stofnunarinnar er að það sé samþykkt af aðalfundum og sameiginlegum fundum þeirra stofnana og félaga sem tilnefna menn í stjórn stofnunarinnar sbr. 6. gr.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélaginu sem þær tilheyra til varðveislu og/eða ráðstöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. maí 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.